

***Erindi Áslaugar Sóleyjar Bjarnadóttur dags. 17. febrúar 2021, um hreinsunardag í hverfinu.***

Sæl,

Mér datt í hug hvort við gætum haft hreinsunardag í hverfinu í vor t.d. byrjun júní með fókus á nærumhverfi hvers húss og götuna. Ég var þá að hugsa að fólk í hverju húsi tæki sig sama og gæti hreinsað í görðunum sínum en ekki síst í kringum garðana t.d. sópa gangstéttir, hirt mesta arfann og ruslið, gert fint í kringum göngustíga og þess háttar. Það væri auðvitað best ef að borgin væri búin að fara eina umferð með sópinn og það væri frábært ef að borgin gæti séð um að hirða ruslið sem að kemur. Ég veit að garðaúrgangur er hirtur einu sinni á vori í Kópavogi og þarna væri fólk að fara út fyrir sína lóð og vonandi væri því hægt að líta á það sem win-win verkefni fyrir bæði íbúana og borgina.

Kveðja, Áslaug